

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari - svo og ákvörðun um að hætta rekstri sjálfseignarstofnunarinnar - skulu hljóta samþykki meirihluta stjórnar og staðfestingu dómsmálaráðherra. Verði stofnunin lögð niður renna eignir hennar til ríkissjóðs vegna Menntaskólans á Akureyri.

9. gr.

Reikningar sjálfseignarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem ráðinn er af stjórn til a.m.k. þriggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun og menntamálaráðuneyti eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár á undan ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. október 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð vegna kyrrðardaga á vegum íslensku þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður vegna kyrrðardaga á vegum íslensku þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Heimili sjóðsins er á Biskupsstofu í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja árlega kyrrðardaga sem haldnir eru á vegum íslensku þjóðkirkjunnar og undir hennar stjórn.

4. gr.

Arður sjóðsins, sbr. 6. gr., skal árlega renna til styrktar málefninu samkvæmt nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Dr. Michael Fell að fjárhæð ísl. kr. 500.000. Óheimilt er að skerða stofnfé sjóðsins að raungildi. Ávaxta skal sjóðinn tryggilega. Sjóðnum er heimilt

að leita framlaga frá öðrum. Sjóðstjórn ber ábyrgð á fjárvörslum fyrir sjóðinn. Annast ber fjárfestingu og endurfjárfestingu sjóðsins á þann hátt og á þeim stað, svo og samkvæmt leiðbeiningum fjárfestingarráðgjafa, sem sjóðstjórnin kann að ákveða á hverjum tíma að eigin vild.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður, þar með taldir vextir, af stofnfé sjóðsins og öðrum eignum er honum kann að áskotnast fyrir gjöf eða með öðrum hætti. Gjöfum og framlögum skal bæta við höfuðstól sjóðsins og er óheimilt að skerða þær. Gjafir og framlög skal ávaxta með sama hætti og stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír: Biskup Íslands sem er formaður stjórnar og vígslubiskupar á Hólum og í Skálholti. Meirihluti ræður ákvörðun stjórnar. Stjórn sjóðsins skal ekki þiggja þóknun fyrir starfa sinn.

8. gr.

Sjóðstjórn úthlutar árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum. Ef forsendur fyrir styrkveitingu reynast af einhverjum ástæðum ekki vera til staðar, skal styrkfjárhæðinni bætt við höfuðstól sjóðsins og er óheimilt að skerða hana.

9. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Gerð ársreiknings skal lokið innan þriggja mánaða frá áramótum. Reikningar skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Samþykki allra stjórnarnanna þarf fyrir breytingum á stofnskrá þessari. Henni skal einungis breytt ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum sjóðsins eða svipuðum markmiðum og skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til íslensku þjóðkirkjunnar. Skal þess gætt að þær renni til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Um breytingar á stofnskrá þessari, sameiningu eða niðurfellingu sjóðsins fer að öðru leyti að lögum.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.